
Könnunarskurðir í Pósthússtræti, Reykjavík.

Greinargerð




Oddgeir Isaksen

Reykjavík 2013

FS530-14021

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES





©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: fsi@instarch.

Efni

Inngangur	5
Markmið og framkvæmd.....	5
Niðurstöður.....	7
Skurður 1	7
Skurður 2	7
Skurður 3	9
Heimildir	12




Inngangur

Til stendur að ráðast í endurnýjun lagna og jarðvegsskipti, á hluta Pósthússtrætis í Reykjavík, á kafla sem nær frá Austurstræti að Tryggvagötu. Var talið líklegt að minjar gæti verið að finna á þessum stöðum í þessum hluta götunar. Nálægt mótum Pósthússtrætis og Austurstrætis var talin von á að finna minjar um hús sem sýnt er á Reykjavíkurstorti frá 1876 (Sveinn Sveinsson 1876) og á mótum Pósthússtrætis og Hafnarstrætis var vitað um þrjár kynslóðir húsa sem sýnd eru á Reykjavíkurstortum frá 1801, 1836 og 1876 (Olsen og Aanum 1801, Lottin 1836, Sveinn Sveinsson 1876). Loks var vitað um leifar hafnarmannvirkja út við Tryggvagötu sem sýnd eru á Reykjavíkurstorti frá 1887 (Sveinn Sveinsson 1887). Samkvæmt fyrirmælum Minjastofnunar Íslands (Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 21.01.2014) þurfti að láta fara fram gröft könnunarskurða á þessum stöðum og varð það úr að Fornleifastofnun Íslands ses tók að sér verkið að beiðni Minjasafns Reykjavíkur og var það unnið þann 06.02.2014 af fornleifafræðingunum Oddgeiri Isaksen og Hildar Gestsdóttur.

Markmið og framkvæmd.

Alls voru grafnir þrír skurðir á þeim stöðum sem lýst er hér að framan og var markmiðið að kanna hvort sæjust ummerki þau mannvirki sem sýnd eru á gömlu Reykjavíkurstortunum (sjá staðsetningu skurðanna á meðfylgjandi yfirlitskort, mynd 1). Var notast við traktorsgröfu við gröft skurðanna og voru þeir ljósmyndaðir, en þar sem sáust mannvistarlög var einnig gerð sniðteikning og jarðlög skráð samkvæmt einingakerfi (e. single context recording).



Mynd 1: Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu könnunarskurða í Pósthússtræti.

Niðurstöður

Skurður 1

Skurður 1 var um 2 x 1 m að flatarmáli (norður-suður) og um 2 m á dýpt. Er skemmst frá því að segja að engin mannvistarlög sáust í þessum skurði og voru snið hans fremur einsleit. Var mestan part um að ræða sendna mól sem lá ofaná sjávarmól (sjá mynd 2) og þótti ekki ástæða til að teikna snið skurðarins af þeim sökum.



Mynd 2: Austursnið skurðar 1.

Skurður 2

Skurður 2 var um 4,5 x 1 m að flatarmáli (norður-suður) og um 1,6 m á dýpt. Engin merki sáust um byggingar í skurði 2. Á um 0,7 m dýpi sást svört lífræn sendin mold

(eining [008]), um 0,2 m á þykkt, sem innihélt nokkuð af múrsteins- og leirkersbrotum frá seinni hluta 19. aldar og undir henni brún leðjukennd mold (eining 009) blönduð smásteinum, sem innihélt jafnframt talsvert af skeljum og fiskbeinum. Lag [009] sat svo ofaná sjávarmöl (eining [010]) sem aftur sat ofaná skeljasandi (eining [011]). Jarðlögum sem sáust í skurðinum er nánar lýst á sniðteikningu (myndir 3 og 4) og í töflu 1 hér að neðan.




Mynd 3: Austursnið skurðar 2.

Tafla 1: Jarðlög sem sáust í austursniði skurðar 2.

Einingar-númer	Skurður	Tegund	Lýsing
1	2	jarðlag	Sendin fylling í langaskurði
2	2	jarðlag	Rauðbrúnt grjótlag
3	2	jarðlag	Brúnt sand- og malarlag

4	2	jarðlag	Sendin fylling í langaskurði fyrir ídráttarrör fyrir rafmagn.
5	2	niður-gröftur	Lagnaskurður
6	2	jarðlag	Dökkbrún mold blönduð nokkuð stóru grjóti.
7	2	jarðlag	Gráleit sendin mold.
8	2	jarðlag	Svart lífrænt lag, blandað múrsteinsbrotum. Innhélt einnig eitthvað af leirkersbrotum
9	2	jarðlag	Brún leðjukennd mold, blönduð smásteinum. Innihélt talsvert af skeljum og fiskbeinum
10	2	jarðlag	Sandkennd mól, sjávarmól.
11	2	jarðlag	Skeljasandur.



Mynd 4: Teikning af austursniði skurðar 2.

Skurður 3

Skurður 3 var um 3 x 1 m að flatarmáli (norður-suður) og mest um 1,8 m á dýpt. Var hann grafinn vestanvert í götunni þar sem er sýnd bryggja á korti frá 1887, sem liggur nokkur veginn norður-suður. Var skurðinum valinn staður þar sem norðurendi

bryggjunnar var talinn vera (sjá yfirlitskort, mynd 1). Fljótlega var komið niður á grjóthleðslur (eining [015]) í bryggjunni og hallaði þeim frá suðri til norðurs. Var dýpt niður á hleðslurnar í suðurenda skurðarins um 0,4 m en í norðurendanum um 0,8 m. Grafið var í gegnum hleðslurnar til að fá snið af þeim. Efst undir malbikinu, var nokkuð grófgerð tjörukennd möl (eining [012]) sem hefur varið sett niður sem undirlag undir það, en þvínæst tók við um 0,5 cm þykkt lag af sandkenndri möl (eining [013]) sem innihélt nokkur leirkersbrot frá seinni hluta 19. aldar og sat beint ofaná hleðslunum í bryggjunni.




Mynd 5: Vestursnið skurðar 3.

Bryggjan var hlaðin úr grjóti, eins og áður sagði, en þó mátti sjá á sniðinu að steyppt hafði verið yfir hana að hluta (eining [014]). Sátu grjóthleðslurnar beint ofaná sjávarmöl blandaðri skeljasandi, en timburbiti fannst þó einnig undir þeim sem gæti verið hluti af þessu mannvirki. (sjá einnig myndir 5-6 og töflu 2).

Tafla 2: Jarðlög sem sáust í vestursniði skurðar 3

Einingar-númer	Skurður	Tegund	Lýsing
12	3	jarðlag	Tjörurík, grófgerð möl. Undirlag undir malbiki.
13	3	jarðlag	Sendin möl.
14	3	jarðlag	Steypa ofaná hleðslum í bryggju
15	3	jarðlag	Grjóthleðslur í bryggju.
16	3	jarðlag	Sjávarmöl.



Mynd 6: Teikning af vestursniði skurðar 3.

Heimildir

VictorLottin 1836: „Plan de Reykjavík.“ Birt í Salvör Jónsdóttir og Nanna Hermannson. *Scandinavian Atlas of Historic Towns No. 6. Iceland Reykjavík. Reykjavík1988.*

Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 21.01.2014. Fvr 2014010083/KM.

Olsen og Aanum 1801: „Situations Kart over Byen Reikevik Med omliggende Bayer“. Birt í P.E. Kr. Kålund 1877. *Íslenskir sögustaðir. Sunnlendingafjórðungur. Reykjavík 1984.*

Sveinn Sveinsson 1876: „Uppdráttur Reykjavíkur 1876.“ Birt í Salvör Jónsdóttir og Nanna Hermannson. *Scandinavian Atlas of Historic Towns No. 6. Iceland Reykjavík. Reykjavík1988.*

Sveinn Sveinsson 1887: „Reykjavík 1887.“ Birt í Salvör Jónsdóttir og Nanna Hermannson. *Scandinavian Atlas of Historic Towns No. 6. Iceland Reykjavík. Reykjavík1988.*